Velkomin(n) á meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot

Hér er listi yfir farangur sem gott er að hafa með sér í meðferðina. Miðað er við að hver einstaklingur geti tekið með sér **1 ferðatösku** og **1 íþróttatösku** af farangri.

- ☐ Fatnaður til skiptana
- ☐ Útiföt og góðir skór til gönguferða
- ☐ Íþróttafatnaður ef þú vilt t.d. nýta þér ræktina okkar
- ☐ Inniskór
- ☐ Persónulegar snyrtivörur (ilmefnalausar eða með lítilli lykt)
- ☐ Lyf og vítamín (ath. fæðubótarefni og orkudrykkir eru ekki leyfðir)
- ☐ Vekjaraklukka
- ☐ Peninga eða greiðslukort (hér eru sjálfsalar og einnig hægt að kaupa símakort)
- ☐ AA bókin
- ☐ Tóbak og nikótínpúðar (er ekki selt í Hlaðgerðarkoti)
- ☐ Lesbretti, Ipod eða Mp4 spilari sem ekki er hægt að tengja interneti
- ☐ Afþreying eins og t.d. bækur, prjónadót, litabækur eða þess háttar

Á staðnum eru:

- ➢ þvottavélar og þurrkarar
- ➢ sængur, koddar, rúmföt og handklæði

Ef þig vantar eitthvað meðan á dvölinni stendur geta ástvinir komið sendingum til þín á skrifstofu Samhjálpar. Við fáum sendingar þaðan á mánudögum og miðvikudögum.

Samhjálp - skrifstofa
Skútuvogi 1G
(opið virka daga 10:00-15:00)

Eða sent með Íslandspósti á heimilisfangið:

Hlaðgerðarkot meðferðarheimili
271 Mosfellsbæ

Athugið að starfsfólk Hlaðgerðarkots fer í gegnum allan farangur við komu, allar sendingar sem berast þér á dvalartíma og allt sem þú kemur með úr bæjarleyfum.

Við hlökkum til að taka á móti þér og styðja þig í þessu mikilvæga skrefi.

Með kveðju,
Starfsfólk Hlaðgerðarkots